

Nd.

894. Frumvarp

til laga um bráðabirgða verðhækkunartoll á útfluttum, íslenskum afurðum.

Flutningsmenn: Pjetur Jónsson, Jón Jónsson, Jón Magnússon,
Magnús Kristjánsson og Sveinn Björnsson.

1. gr.

Auk útflutningsgjalds þess, er ræðir um í lögum:

Nr. 16, 4. nóvember 1881,

— 10, 13. apríl 1894,

— 8, 6. mars 1896,

— 11, 31. júlí 1907 og

— 31, 22. október 1912

skal greitt útflutningsgjald af íslenskum vörum, svo sem fyrir er mælt í þessum lögum.

2. gr.

Gjaldið skal miða við söluverð vörunnar með umbúðum, fluttrar um borð í skip (fob) á þeirri höfn, er hún fyrst fer frá, eða söluverð erlendis (Cif) að frádregnu flutnings- og ábyrgðargjaldi til útlanda, svo og miðlaragjaldi.

3. gr.

Gjald þetta hvílir á allskonar fiski, lýsi, sild, smjöri, ull, saltkjöti, kindargærum, selskinnum, hestum og sauðfje á fæti, og einungis á þeim hluta söluverðsins samkvæmt 2. gr., sem fer fram yfir það verð, er nú skal greina:

1.	A hverjum 100 kg af fullverkuðum þorski...	kr.	58,00
2.	» » 100 » » smáfiski ...	—	52,00
3.	» » 100 » » fullverkaðri ýsu...	—	46,00
4.	» » 100 » » löngu ...	—	55,00
5.	» » 100 » » keilu ...	—	37,00
6.	» » 100 » » fullverkuðum upsa ...	—	28,00
7.	» » 100 » » Labradorfiski ...	—	36,00
8.	» » 100 » » harðfiski...	—	72,00
9.	» » 100 » » blautfiski í is eða frystu	—	20,00
10.	Á fiski upp úr salti telst gjaldfrjálst verð á hverri tegund 40% lægra en á fullverkuðum fiski sömu tegundar.		
11.	Á hverri tunnu (108—120 lítra) af sild ..	—	20,00
12.	» » » (105 kg) af meðalalýsi ...	—	70,00
13.	» » » (105 ») » öðru lýsi ...	—	30,00
14.	» » » (112 ») » saltkjöti...	—	78,00
15.	» hverju kg af þveginni, hvíttri vorull ...	—	2,00
16.	» » » » annari ull ...	—	1,30
17.	» » » » á hverju kg. af smjöri ...	—	2,00

18. A hverju kg af sauðargærum (miðað við þyngd á þeim ósöltuðum og óhertum) —	1,00
19. Á hverju selskinni —	5,00
20. » sauðkindum á fæti, hvert kg í lifandi þyngd á —	0,40
21. » hverju hrossi —	120,00

4. gr.

Gjaldið er 3 af hundraði af hinum gjaldskylda hluta vöruverðsins. Skal það greitt áður en skip það, er tekur vöruna til flutnings er afgreitt frá útflutningshöfn hennar, hvort sem skipið fer með vöruna til útlanda rakleitt, eða til umskipunar í annari höfn innnælands. Lögreglustjórar innheimta gjaldið og fá í innheimtulaun 2%. Skal gjaldið greiddast í peningum, eða í ávísunum er gjaldheimtumaður tekur gildar.

5. gr.

Sjerhver sá, er sendir á stað til útflutnings fyrnefndar vörur (sbr. 3. gr.) er skyldur að fá gjaldheimtumanni í hendur samrit, eða staðfest endurrit, af farmskrám þeim eða öðrum hleðsluskjölum, er skipinu fylgja. Svo er hann og skyldur til, að gefa skriflegt vottorð, að viðlagðri æru og samvisku, um vörumagnið, og ef varan er þegar seld, um söluverðið (sbr. 2. gr.) og söluskilmála.

6. gr.

Hafi lögreglustjóri grun um, að rangt sje sagt til vörutegunda eða vörumagns í skipi, skal hann láta rannsaka farm skipsins, áður en það er afgreitt frá höfn.

Nú er gjaldskyld vara samkvæmt lögum þessum send burt óseld, eða sá er sendir veit ekki söluverðið, eða gjaldheimtumanni þykir skýrsla hans um söluverðið ófullnægjandi, skal þá gjaldheimtumaður uppkveða verðið sjálfur, sem næst því er honum er kunnugt um verð á sömu vörutegundum samtímis og þó eigi lægra. Geti sá er gjaldið greiddir, innan 6 mánaða sannað með fullgildum söluskilríkjum, að verðið hafi verið tiltekið of hátt, fær hann endurgreitt það er oftalið var af gjaldinu.

7. gr.

Um viðurlög fyrir brot gegn lögum þessum, fer eftir ákvæðum laga nr. 43, 2. nóv. 1914.

8. gr.

Skip og farmur er að veði fyrir útflutningsgjaldinu. — Með mál út af lögum þessum skal farið sem almenn lögreglumál.

9. gr.

Lög þessi öðlast gildi 20. september 1915, og gilda til jafnlengdar 1917.